



Húsavík, 31. mars 2014

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

B.t. Guðmundar B. Ingvarssonar

Efni: Urðunarstaður við Kópasker Norðurþingi – Umsókn um starfsleyfi

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. Víðimóum 2, 640 Húsavík, kt. 711001-2470 bs. sækir um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn við Kópasker, í landi Snartarstaða II í Norðurþingi í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Urðunarstaðurinn við Kópasker hefur haft starfsleyfi fyrir meðhöndlun á allt að 500 tonnum á ári af neyslu- og rekstrarúrgangi eða frá 9. desember 2002 og til 9. desember 2012.

Sótt er um leyfi til að taka á móti allt að 500 tonnum af úrgangi álega til urðunar, þ.e. 250 tonnum af almennum úrgangi og 250 tonnum af slátur- og fiskúrgangi, líkt og verið hefur. Gert er ráð fyrir rekstri urðunarstaðarins næstu 30 árin og yrði heildarmóttekið magn á þeim tíma um 15.000 tonn.

Sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs varðandi lekt, sigvatnssöfnun og gasmál, sjá nánar hér að aftan.

Sjá staðsetningu urðunarsvæðis norðan Kópaskers á mynd 1.





Mynd 1. Urðunarstaður NNV við Kópasker, sjá rauðan hring (Samsýn, já.is).



Mynd 2. Urðunarstaður, afmörkun á deiliskipulagssvæði, sjá deiliskipulagsupprátt í Viðauka I að aftan.

Á mynd 2 kemur fram afmörkun deiliskipulagssvæðis fyrir urðunarstaðinn með blárrí brotalínu.

Upplýsingar um stöðu skipulagsmála

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 sem staðfest var 22. desember 2013. Heildarathafnasvæði sorpförgunarsvæðisins var leiðrétt úr 2,6 ha í 28 ha í samræmi við umhverfismat sem fram fór fyrir urðunarstað og það afmarkað á skipulagsupprætti. Gert er ráð fyrir að hluti sorpförgunarsvæðisins verði notaður til urðunar, hluti fyrir byggingar ef með þarf og hluti sé óráðstafaður til síðari nota.

Deiliskipulagsuppráttur fylgir í viðauka I auk deiliskipulagslýsingu með greinargerð og umhverfisskýrslu. Formlegri deiliskipulagsvinnu er lokið og verður gildistaka auglýst í Stjórnartíðindum 11. apríl 2014.

Upplýsingar varðandi mat á umhverfisáhrifum

Tilkynning með fyrirspurn um matskyldu var send af Eflu hf. til Skipulagsstofnunar dags 2.10.2013, sbr. lið 11 b í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun sendi mál til umsagnar hjá Norðurlandi, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands og Umhverfisstofnun. Ákvörðun kom frá Skipulagsstofnun 20. desember 2013 og er urðunarstaðurinn skv. henni ekki háður mati á umhverfisáhrifum.



Lýsing á urðunarstaðnum

Svæðið sem um ræðir hefur verið nýtt til urðunar á sláturúrgangi síðastliðin 14 ár og síðustu 10 ár hefur auk þess verið urðaður þar almennur úrgangur, svæðið er því þegar raskað vegna þeirrar starfsemi og flugbrautar sem þar var auk annarrars. Á svæðinu er tímabundin aðstaða vegna móttöku- og geymslusvæðis fyrir brotajárn og einnig er þar skotæfingasvæði sem staðsett er norðarlega á svæðinu. Urðunarstaðurinn þjónar Kópaskeri og Raufarhöfn eða svæðinu í fyrrum Öxafjarðar- og Raufarhafnarhreppum.

Urðunarstaðurinn er í landi Snartarstaða II, sunnan við Sandhaug og vestur af Viðarási, eða um 2 km norðaustan Kópaskers. Landið er í eigu Norðurþings, sjá myndir 1 og 2. Svæðið er þar á u.þ.b. miðri 3-4 km breiðri flatneskju, sem afmarkast af móbergshryggnum Leirhafnarfjöllum í austri og móbergsfjallinu Snartarstaðanúp í norðri. Í nágrenninu er Snartastaðalækur, sem er vöktunarstaður, og kemur lækurinn upp við misgengi skammt austan við bæinn Snartarstaði sem er um 1 km frá sjó. Urðunarstaðurinn er þar sem flugvöllurinn fyrir Kópasker var áður. Landið er í um 20 m hæð yfir sjó og á sléttum frekar gróðurvana melum. Flugvöllurinn var aflagður fyrir um 30 árum og nýr gerður enn nær Kópaskeri.

Deiliskipulagsvæðið er 28 ha að stærð og sést afmarkað á mynd í Viðauka I með rauðri brotinni línu. Innan þess er urðunarsvæðið sjálft sýnt með skástrikuðum appelsínugulum línum. Appelsínugula svæðinu er skipt í tvennt; urðunarreinar Svæði 1 (rúmlega 4,6 ha) og urðunarreinar Svæði 2 (tæpir 5,0 ha) hvítstrikaða svæðið er svæði sem þegar hefur verið urðað í, það svæðið er um 3,2 ha að stærð. Sjálft svæðið innan deiliskipulagssvæðisins sem fer í heild undir urðunina stækkar því úr tæpum 8 ha í tæpa 13 ha. Heildarsvæði urðunarstaðarins helst óbreytt. *Urðunarreinar Svæði 1* ásamt hvíta svæðinu er það svæði sem fékk umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum sem lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar árið 1998. Urðað er í þennan hluta í dag í beinu framhaldi af frágengna svæðinu. Gert er ráð fyrir að urðað verði jafnhliða í Svæði 1 og 2. Þá sést á myndinni skotæfingasvæði afmarkað með svartri brotalínu við enda Svæðis 2 og geymslusvæði fyrir brotamálma í horni lóðarinnar auk svæða fyrir hugsanlega þjónustubyggingu og flokkunaraðstöðu við innkeyrslu frá Þjóðvegi (Norðausturveg nr. 85).

Urðun fer þannig fram að allt að 2-4 m djúpar reinar eru grafnar eftir þörfum og uppgröftur haugsettur meðfram reinum til afskermunar og síðari nota. Úrgangi er komið fyrir í rein jafnóðum og hann berst og hann þjappaður vel og hulinn daglega. Reinin er síðan nærri fyllt með úrgangi og hún svo hulin með jarðvegi sem er um 1 m á þykkt.

Þegar öllum reinum hefur verið lokað endanlega verður urðunarsvæðið mótað á þann hátt að ásýnd svæðisins falli vel að nánasta umhverfi og svæðið grætt upp með plöntum sem falla vel að nærliggjandi umhverfi.

Áhrif á umhverfið

Áhrif á grunnvatn:

Vestan við flugbrautina er þekkt sprungukerfi í berggrunni. Kerfið liggur eftir endilangri vesturströnd Melrakkasléttu. Berggrunnurinn jafnan er ungur og lekur. Við jarðfræðiúttekt á urðunarsvæðinu komu í ljós 5-10 m þykk laus jarðlög ofan á berggrunninum og mun hluti þeirra vera þéttur jökulruðningur með lága lekt og góða síunarhæfileika. Grunnvatnsstraumar héraendis eru oftast í stefnu lækandi



lands og til sjávar. Nærri yfirborði sveigja þeir hinsvegar oft að ám eða lækjum. Á svæðinu við urðunarstaðinn eru þeir taldir sveigja í átt að Snartarstaðarlæknum. Rennsli lækjarins mun nema nokkrum tugum sekúndulítra. Sýni hafa verið tekin af vatni neðan við innrennslisstefnu frá urðunarstaðnum í samráði við eftirlitsaðila og hafa mæliniðurstöður ekki gefið til kynna áhrif vegna sigvatns. Lítil hætta er talin á að sigvatn geti mengað vatnsból Kópaskers en þau eru í a.m.k. 6 km fjarlægð við Katastaðarfjall. Grunnar tjarnir eru um 1 km vestan við urðunarsvæði, nær sjó. Ekki er talið að markverðir grunnvatnstraumar liggja frá urðunarsvæðinu að þeim. Engin nýting er á grunnvatni á nærsvæði urðunarstaðarins. Vöktun verður áfram á Snartarstaðarlæki og komið verður upp þremur grunnvatnsbrunnum umhverfis urðunarsvæðið til að mæla grunnvatnshæð og taka sýni. Þá verður sérstaklega gætt að því að á urðunarstaðinn berist ekki úrgangur sem inniheldur spilliefni eða annan úrgang með hættuegum efnum s.s. olíum eða þungmálum. Talið er að urðunarstaðurinn geti haft talsvert neikvæð áhrif á grunnvatn næst honum en þegar komið er lengra frá eru áhrifin óveruleg.

Áhrif á gróður og dýralíf:

Svæði umhverfis urðunarstaðinn er að mestu ógrónir melar og klappir og hefur verið unnið að uppgræðslu á svæðinu vegna uppblásturs. Dýralíf í næsta nágrenni urðunarstaðar hefur ekki verið kannað sérstaklega en það er talið fábreytt. Talið er að urðunarstaðurinn hafi óveruleg áhrif á gróður og dýralíf. Urðunarreinar verða á svæði sem þegar hefur verið raskað verulega. Einhver fugl mun væntanlega sækja í urðunarsvæðið en dregið verður úr því eins og kostur er með daglegri hulu jarðvegs á úrganginn og öðrum lausnum ef þurfa þykir.

Áhrif á fornleifar:

Ekki er vitað um neinar fornleifar á urðunarsvæðinu enda hefur svæði sem urðað verður á verið verulega raskað. Verði vart við hugsanlegar fornminjar við gröft á urðunarreinum verður verk stöðvað og Minjastofnun Íslands strax tilkynnt um þær.

Áhrif á samfélag:

Urðunarstaðurinn mun hafa talsvert jákvæð áhrif á samfélagið þar sem hann mun skapa nokkra vinnu fyrir sveitina og mun jafnframt koma í veg fyrir neikvæð áhrif flutninga úrgangs til fjarlægra móttökustaða. Áfram verður stuðlað að flokkun úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu eins og kostur er.

Áhrif á landslag og ásýnd lands:

Jarðefni sem grafið er upp fyrir úrðunarreinum er notað aftur í hulu yfir úrgang og því dreift jafnt yfir svæðið svo hækkun lands verður einungis um 1-2 metra. Landslag eða ásýnd breytist því óverulega. Breyting sem verður á landinu, sérstaklega á rekstrartíma, verður þó sýnileg af þjóðvegnum sem liggur 100-200 metra vestan við svæðið. Umferð þar er þó ekki verulega mikil.

Eftir lokun urðunarreina verður gengið frá þeim með landmótun, þannig að svæði falli sem best að umhverfinu. Svæðið verður svo ræktað upp með plöntum sem hæfa gróðri í nágrenni urðunarstaðarins. Fok úrgangs frá urðun getur orðið vandamál, en koma má í veg fyrir það með réttu verklagi. Ein leið til þess sem beitt verður er stöðvun á rekstri í sterkum vindi, girðingum og einnig með reglubundnu eftirliti og þrífum. Þá kemur til greina að koma fyrir tímabundnum jarðvegsmönnum til að mynda skjól og einnig til þess að draga úr sýnileika urðunarinnar. Áhrif á landslag og ásýnd verða því óveruleg.



Áhrif á loft:

Lykt stafar oft af a.m.k. hluta þess lífræna úrgangs sem fer inn á urðunarstaði. Sérstaklega verður gætt að því að slíkur úrgangur verði ekki urðaður þegar vindátt stendur á byggð í nágrenni. Metangasmyndun ætti að verða fremur lítil á urðunarstaðnum þar sem þykkt úrgangs í reinum er lítil og aðgengi súrefnis inn í reinar nokkuð mikið gegnum gljúp sand- eða malarefni. Áhrif á loftgæði verða því óveruleg. Nokkur gasmælirör eru nú í eldri rein urðunarstaðarins. Þau verða notuð til mælinga ef þurfa þykir.

Rekstur, vöktun og innra eftirlit

Urðunarstaðurinn við Kópasker er afgirtur og með læstu hliði og verður hann einungis aðgengilegur þeim sem hafa leyfi. Losun úrgangs og reglubundinn frágangur verður hagað þannig að neikvæð áhrif stafi ekki af vinnunni og verður ákvæðum starfsleyfis og reglugerðar um urðun fylgt í hvívetna. Vöktun urðunarstaðarins verðu skv. starfsleyfinu og sinnt af tilgreindum starfsmanni rekstraraðila. Vöktun felur m.a. í sér skoðun á einstökum förmum sem berast til urðunar. Rekstraraðili mun setja upp innra eftirlit fyrir urðunarstaðinn í samræmi við ákvæði starfsleyfisins sem m.a. felur í sér skráningar á uppruna, gerðum og magni úrgangs sem berst á urðunarstaðinn.

Tryggingar

Rekstraraðili hefur skilað inn starfsleyfistryggingu fyrir urðunarstaðinn við Kópasker sbr. 17. gr. í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs.

Rekstraraðilli hefur nú þegar ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar, Frjáls ábyrgðartrygging, skíteini nr 1962775, sem gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands.

Lokun eftir rekstrarlok

Frágangur á urðunarsvæðinu fer að hluta til fram á rekstrartímanum þ.e. reynt verður eftir megni að landmóta urðunarstaðinn þannig að hann falli vel að nánasta umhverfi sínu. Að jafnaði verður sett um 1 meters þykk hula af völdum jarðvegi yfir allan úrgang í reinum. Við val jarðvegs verður hugað að ræktunarmöguleikum og veitingu ofanvatns frá urðunarsvæðinu ef hægt er. Við lokun verða öll ummerki utan urðunarsvæðis fjarlægð, s.s. slóðar, girðingar ofl. og verður svæðið hreinsað. Við lokun verður endanleg landmótun gerð í samráði við skipulagráðgjafa sveitarfélagsins og aðra viðkomandi og verður þá einnig unnin nánari lokunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun. Kostnaður við lokunina fellst í hönnun, umsjón, eftirliti og frágangi yfirborðs og fjarlægingu mannvirkja og verður kostnaðurinn greiddur af Norðurþingi. Kostnaðurinn við lokun er áætlaður 4.000.000 kr.

Viðbragðsáætlun og ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns

Viðbragðsáætlun vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar fylgir með í viðauka sem og staðfesting á ábyrgðartryggingu.



Undanþágubeiðnir

Sorpsamlag Þingeyinga sækir um að dregið verði úr kröfum í starfsleyfi er varða lekt, botnþéttingu, sigvatnssöfnun og aðgerðir er varða hauggas, og er vísað til VI kafla reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs. Sorpurðunarstaðurinn við Kópasker þjónar afskekktri byggð skv. reglugerð um urðun nr. 738/2003. Afskekkt byggð er skv. henni landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km, eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða. Skv. 26. grein reglugerðarinnar getur Umhverfisstofnun dregið verulega úr kröfum til slíkra urðunarstaða enda taki þeir eingöngu við almennum heimilisúrgangi, rekstrarúrgangi og óvirkum úrgangi af takmörkuðu svæði og reglubundin vöktun fari þar fram. Unnið er að viðeigandi áhættumati og verður því skilað um leið og það liggur fyrir.

Samantekt

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. sækir um starfsleyfi fyrir urðun 500 tonna af úrgangi á ári í urðunarsvæðið við Kópasker í Norðurþingi. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag með breytingu og deiliskipulag. Urðunarstaðurinn verður rekinn a.m.k. næstu 30 ár eða eins og pláss og aðstæður leyfa og yrði heildarmagn urðað á þeim tíma um 15.000 þúsund tonn. Svæðið sem afmarkað er til urðunar er um 13 ha að stærð en heildarsvæði um 28 ha. Þar sem að eingöngu er um að ræða móttöku á tiltölulega litlu magni úrgangs sem gengið er frá jafnóðum er ekki talið að urðunin hafi nema óveruleg áhrif á nánasta umhverfi og engin áhrif á fornminjar. Á rekstrartíma verður svæðið afgirt og lokað nema leyfishöfum og undir eftirliti og vöktun eins og starfsleyfi og reglugerðir gera kröfu um. Urðunarstaðurinn mun hafa áætlun um mögulega bráðamengun og hafa allar lögboðnar tryggingar. Við lokun urðunarstaðarins verður unnið skv. sérstakri lokunaráætlun sem gerð verður í samvinnu við Umhverfisstofnun og mun hún tilgreina alla nauðsynlega þætti um frágang, s.s. landmótun, fjarlægingu mannvirkja, hreinsun, vöktun o.fl.

Hafsteinn H. Gunnarsson, Sorpsamlag Þingeyinga ehf.



Viðauki 1. Deiliskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu

Viðauki 2. Breytingar á deiliskipulagi út frá athugasemdum Skipulagsstofnunar

Viðauki 3. Áhættumat vegna bráðmengunar og viðbragðsáætlun

Viðauki 4. Ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar. Sjónvá, tryggingarskírteini nr. 1962775

Viðauki 5. Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings til Stjórnartíðinda ásamt auglýsingu um gildistöku deiliskipulags

Viðauki 6. Fundargerð 34. fundar bæjarstjórnar Norðurþings frá 25. mars 2014

Viðauki 7. Fundargerð 115. fundar skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings frá 19. mars 2014